

1991-1992

# HERT AÐ

## HAGSMUNUM KVENNA



„Allir veturna enda taka“, segir í kvaðinu, og sama má segja um þingannir. Samkvæmt nýjum þingskópum situr reyndar þing nú allt árið, svo að auðvelt er að kalla til þingsfunda og nefndafunda, ef þörf krefur. Svo verður einmitt nú að þessu sinni vegna EES-samningssins, sem reyndar er búið að ræða oft og mikil í þingsöldum á nýliðnum vetrí. Fjallað verður um samninginn og frumvörp honum tengd í þingnefndum í sumar, en því næst verður nýtt þing sett 17. ágúst eða rúmlega sex vikum fyrr en lög mæla fyrir um.

115. löggjafarþingið hefur verið ólikt öllum öðrum þingum, sem Kvennalistakonur hafa setið. Það hefur einkennst af slæmum vinnuþrögðum, yfirlægðum, stjórnarþingmanna og kröftugu andófi stjórnarandstöðu. Drjúgur tími hefur farið í umræður utan dagskrár um margvisleg mállefni, en ekki síður um þingskóp, þar sem skort hefur að eðlilegt samráð þingflokkum um þingstörfin.

### Sótt að velferðinni

Mikill ágreiningur hefur verið um ýms frumvörp ríkisstjórnarinnar. Má þar sérstaklega minna á fjárlagafrumvarpið og bandorminn illraemda, þ.e. ráðstafanir í ríkisfármálmum, sem höfðu í för með sér margskonar þrengingar og auknar álögur á almenning. Velferðarkerfið hefur mætt sæta stöðugum árásum númerandi ríkisstjórnar, sem Kvennalistakonur hafa af öllum mætti reynt að vinna gegn, enda hafa flestar þær breytingar mun meiri áhrif á líf kvenna en karla. Því minni þjónustu sem velferðarkerfið veitir, þeim mun meira verða konur að leggja af mörkum. Hinu má svo ekki gleyma, að velferðarkerfið þjónar ekki síður atvinnulifinu vel og dyggilega og því eðlilegt að atvinnurekendur greiði verulegan hluta af rekstri þess, en kostnaðinum sé ekki að stærstum hluta velt yfir á „neytendum“, eins og númerandi ríkisstjórn vill gera.

### Breiðu bökin barnafólksins

Kvennalistakonur beittu sér ákaft gegn niðurskurði barnabóta og bentu m.a. að þá kaldhaðnislegu staðreynd, að nú vildi ríkisstjórnin lækka heildargreiðslur barna-

bóta um samsvarandi upphæð og notuð var til hækkanar bóta í tengslum við álagningu matarskattssins illræmda árið 1988 og átti þá að sanna, hversu réttlálega byrðunum skyldi dreift. Engin rök hrinu á stjórnarsinna í þessu efni, og því miður var ekki um veruleg mótmæli að ræða utan þings, eins og raunin var hins vegar með sjómannaafsláttinn.

EKKI vantaði hins vegar hörd viðbrögð kennara og foreldra við niðurskurði í skóla-kerfinu, sem þýðir m.a. færri kennslustundir og ótímasetta frestun á nýsettum lagaákvæðum um einsetin skóla og skólamáltíðir. Menntamálaráðherra léti sem hér væri bara um skammtima ráðstafanir að ræða, en ljóst er, að ekki sér fyrir endann á því ástandi, þrátt fyrir harða andstöðu, þar sem Kvennalistakonur létu ekki sitt eftir liggja.

### Lítill merki um raunverulegan sparnað

Sama er að segja um niðurskurðinn í heilbrigðiskerfinu, sem ber lítill merki um fagleg sjónarmið né raunverulegan sparnað til lengri tíma, og eru breytingarnar á rekstri Landakotsspítala og Fæðingarheimilisins hrópandi dæmi þar um. Kvennalistakonur beittu sér af fremsta megni gegn þeim aðgerðum og efndu m.a. tvívegis til umræðu utan dagskrár um þessi efni. Það hafði vissulega sin áhrif, þó enn skorti verulega á skilning ráðamanna á því, hvað hér er um að ræða, ekki síst að því er varðar Fæðingarheimilið. Baráttunni fyrir tilveru heimilisins og þeim hugmyndum, sem búa að baki starfsemi þess, er þó hreint ekki lokið.

### Þjarmað að námsmönnum

Þá var ekki síður harður slagur um Láanasjóð íslenskra námsmanna. Hann hefur gegnt mikilvægu hlutverki til jöfnunar réttar til náms og m.a. tryggt mörgum konum möguleika til menntunar við sitt hæfi án þess að reisa sér fjárhagslegan hurðarás um öxl. Nokkrar lagfæringar fengust á frumvarpi ríkisstjórnarinnar um breytingar á lögunum um L.I.N., en illu heilli tókst ekki að koma í veg fyrir lögfestingu heimildar um allt að 3% vexti á námslán, auk þess sem reglur um

endurgreiðslur lánanna eru hertar verulega. Þá var lögfest sú breyting, að námslán verða aldrei veitt fyrr en skilað hefur verið vottorði um tilskylda skólasókn og námsárangur. Um þetta atriði urðu mikil átök, og það voru ekki aðeins námsmenn og þingmenn stjórnarandstöðu, sem voruðu eindregið við afleidungum þessa, heldur fjölmargir aðrir og m.a. pistlaog leiðarahöfundar DV og Morgunblaðsins. En allt kom fyrir ekki, og ekki er vasamál, að þetta ákvæði leggur stein í götu kvenna, sem hyggja á langskólanám.

### Málefni fatlaðra og fullorðinsfræðsla

Sem betur fer hafa þó ekki öll þingmál ríkisstjórnarinnar verið jafn hábölvuð, og reyndar komu fram óvenju mörg mál, sem höfðuðu sérstaklega til Kvennalistakvenna. Má þar nefna frumvarp um mállefni fatlaðra, þar sem horfið er frá áherslu á stofnanaþjónustu og meira mið tekið af einstaklingsþörfum fatlaðra. Kvennalistakonur studdu í öllum meginatriðum þetta frumvarp, sem var lögfest á síðasta degi þingsins.

Þá fognum við sérstaklega langþráðri löggjöf um fullorðinsfræðslu, en Guðrún J. Halldórsdóttir átti einmitt stóran þátt i undirbúningi hennar og halði margsinnis ýtt á eftir framkvæmd málssins á þingi og annars staðar. Má raunar furðulegt heita, að það hafi ekki fyrri náð fram að ganga, þrátt fyrir margar tilraunir í meira en two áratugi. Markmið laganna er að stuðla að jafnrétti fullorðinna til að aðla sér menntunar án tillits til búsetu, aldurs, kyns, starfs eða fyrri náms, og áhersla er lögð á að bæta aðstöðu þeirra, sem minnsta menntun hafa fengið og lakasta námsaðstöðu.

### Hjón verði jafn rétthá

Þá kom fram frumvarp um breytingar á hjúskaparlöggjöfinni, sem horfa til bóta í mörgu. Þar er t.d. að finna ákvæði um, að hjón séu í hvívetna jafn rétthá og að þau skuli í sameiningu annast uppeildi og velferð barna sinna. Ennfremur að vinna á heimili feli í sér framlög til framfærslu sjólskyldunnar. Mörgum kann að finnast slik ákvæði óþörf, en svo er því miður ekki, eins og sannast hefur af viðbrögðum margra karla.

sem augljóslega finnst vegið að frelsi sinu. Þetta frumvarp var ekki afgreitt á þessu þingi í heild sinni, heldur aðeins hluti af því, sem þurfti að lögfesta vegna breytinga á dómstólkakerfinu, svo og ákveðnar réttarbætur vegna skilnaðar, sem allir voru sammála um. Ágreiningsatriðin biða betri tíma, þ.á. m. ákvæðið um réttihæð hjóna.

### **pörf fyrir öfluga fjölskylduráðgjöf**

Ný barnalög voru afgreidd, og eru þar mörg ákvæði til hagsbóta fyrir börn. Kvennalistakonur studdu frumvarpið, en skiluðu þó séráliti, einkum vegna ákvæðis um heimild til sameiginlegrar forsjár eftir skilnað foreldra. Í álitinu segir m.a.: „Sameiginleg forsjá foreldra krefst náins samstarfs þeirra, og því er mikilvægt fyrir foreldra og börn, að kostur sé á vandaði ráðgjöf, aður en slik ákvörðun er tekin. Því miður er slik ráðgjöf ekki í boði ennþá hér á landi nema í mjög takmörkuðum mæli.“ Margir umsagnaraðilar lögðu einnig áherslu á þetta atriði, svo sem Barnaheill, Foreldrasamtök, Félagsmálastofnun Reykjavíkur, Dómarafélagið o.fl. í samræmi við þetta lagði Kvennalistinn til breytingatíllögu um þriggja ára frestun á gildistöku ákvæðisins um sameiginlega forsjá, svo að ráðrúm gæfist til að koma öflugri fjölskylduráðgjöf á laggirnar. Tillagan var felld og einnig tillaga um afnám dagsekta fyrir að nota ekki umgengnisrétt.

### **Meira um börn**

Þá samþykkti Alþingi fullgildingu samnings um réttindi barna, sem Sameinuðu þjóðirnar samþykktu árið 1989, en í honum eru mörg ákvæði, sem verða munu leiðarljós í umfjöllun um réttindi barna hér á landi sem annars staðar.

Einnig voru samþykkti ný lög um vernd barna og ungmenna, og eru þar ýms nýmæli. Yfirlitjörn barnaverndarmála flyst til félagsmálaráðuneytis, sem fer hér eftir með ráðgjöf og eftirlit með störfum barnaverndarnefnda. Það verkefni var áður á könnu barnaverndarráðs, sem nú verður aðeins málskotsáði og nálgast með því eðli dómstóls. Kvennalistakonur telja hins vegar, að stefna beri að því, að foreldri, sem svipt er forsjá barns sins, eigi kost á úrskurði dómstóls rétt eins og foreldrar, sem deila um forræði barna sinna. Þá var í frumvarpinu kveðið á um stækkan barnaverndarum-dæma, en barnaverndarstarf hesur oft strandað á smæð sveitarfélaga, bæði vegna skorts á fjármagni og sérþekkingu. Átti að fela héraðsnefndum barnaverndarmál, en þegar til átti að taka strandaði það á andstöðu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þessu ákvæði var því breytt til fyrra horfs í meðfórum pingsins, en þó þannig að minnstu sveitarfélögum skulu sameinast um þennan málaflokk. Kvennalistakonur voru ekki sáttar við þessa niðurstöðu, en studdu málid að öðru leyti í meginatriðum.

### **Sérálit um kynferðisafbrot**

Þá voru lögfestar breytingar á hegningalögnum með ýmsum mikilvægum réttarbótum fyrir þolendur kynferðisbrota. Kvennalista konur skiluðu þó séráliti og breytingatíllögum, sem voru allar felldar af meiri hluta Alþingis. Þær lutu m.a. að því að nota orðið „manneskja“ í stað „maður“ um fólk af báðum kynjum, þar sem síðar nefndu orðið hefur í raun merkinguna karlmaður í huga fólks. Þá vildu Kvennalistakonur fella brott refsí-ákvæði fyrir mök milli systkina, þar eð i því fælist sú hætta, að fórnarlambi sisjaspella yrði refsád jafnt og þeim, sem misnotar það. Loks vildu þær fella brott ákvæði um refsingu fyrir vændi og telja, að almennt siðgæði sé varið með öðrum ákvæðum laga. Þær telja rangt að refsá fyrir vændi á þeirri forsendu, að þær sem stunda vændi séu oftart en ekki fórnarlömb félagslegra aðstæðna, kynferðislegs ofbeldis í æsku eða fikningsnaneytendur. Þeir sem kaupa vændi eru því að notfæra sér neyd þeirra, sem selja það, en kaupin teljast hins vegar ekki refsivert athæfi.

### **Pingmál Kvennalistans**

Pingkonur Kvennalistans eru þær Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ingibjörg Sólrún Gisladóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Ástgeirs dóttir og Kristín Einarsdóttir. Þá sátu fjórar varakonur þingið í 2-3 vikur hver, þær Guðný Guðbjörnsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir, Kristín Sigurðardóttir og Ragnhildur Eggerts dóttir.

Kvennalista konur lögðu fram 5 frumvörp, 11 tillögur til þingsályktunar, beindu 60 formlegum fyrirspurnum til ráðherra og áttu nokkrum sinnum frumkvæði að umræðum utan dagskrár um skólamál, um sjúkrahúsini í Reykjavík, Fæðingarheimilið og málefni Menntamálaráðs og Menningar-sjóðs.

### **Þær lögðu fram eftirtalin frumvörp:**

- um breytingar á lögum um fæðingarorlof þess efnis að óheimilt verði að segja foreldri upp starfi eða færa það til i starfi að orlofi loknu án þess samþykks.
- um breytingar á skattalögum þess efnis, að afnumin verði tvisköttun á lifeyrisgreiðslur.
- um grundvöll lánsviðskipta, sem felur það í sér, að linað verði á kröfunni um ábyrgðarmenn, sem alltof oft lenda í fjárhagserfiðleikum, þegar lántakandi getur ekki staðið í skilum.
- um lögfræðiráðgjöf og aðstoð i hjúskapar-, sambúðarog sífjaréttarmálum,
- um stofnun barnalifeyrisnefndar, sem meti kostnað við framfærslu barns og geri tillögu til ráðherra um árlegan barnalifeyri og þá um leið meðlag á grundvelli þess mats.

### **Þingsályktunartillögurnar eru**

- um rannsóknir og undirbúning að framleiðslu vetrnis,
- um átak í atvinnumálum á Suðurnesjum og aðgerðir vegna mikils atvinnuleysis kvenna þar,
- um eslingu iþróttaiðkunar kvenna, tillagan var samþykkt,
- um afnám misréttis gagnvart samkynhneigðu fólk, tillagan var samþykkt,
- um samningu frumvarps til laga um sveigjanlegan vinnutima,
- um einföldun á endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna, tillagan var samþykkt,
- um athugun á líklegum áhrifum aðildar Íslands að EES á efnahagslega og félagslega stöðu kvenna,
- um miðlun upplýsinga um réttarstöðu fólks í vigðri og óvigðri sambúð,
- um nefnd til þess að athuga, hvernig nýta megi sögu þjóðarinnar, sögustaði, þjóðhætti, verkmenningu og bökmennit til að efta og bæta ferðapjónustu hér á landi,
- um sérstakar aðgerðir til að draga úr kynjamisrétti og bæta stöðu fjölskyldufólks á vinnumarkaðnum,
- um auðlindakönnun í öllum landshlutum.

Stuttaraleg upptalning af þessu tagi segir að sjálfssögðu alltof litið, en bent skal á, að fjallað er reglulega um pingmál Kvennalistans í mánaðarlegu Fréttabréfi. Einnig má leita nánari upplýsinga hjá þingflokknum og fá þingmálin send, ef óskað er. □

**Kristín Halldórsdóttir**

## **TILKYNNING TIL ÁSKRIFENDA**

Munið að tilkynna ný og breytt heimilisföng.

Greiðið heimsenda gíroseðla hið fyrsta. VERA er rekin á áskrifum og það munar um hverja.

Hægt er að borga áskrifina með greiðslukorti. Það er bæði ódýrast og þægilegast fyrir VERU.

### **Hér er ein gleðirfrétt:**

Á síðustu vikum hafa tæplega þúsund nýir áskrifendur bæst í hópinn! Við bjóðum þá hjartanlega velkomna og vonum að fleiri eigi eftir að bætast við.

**VERA, Laugavegi 17, s. 91-2 21 88**